

Forsetinn

Velkomin í vinnustofu sveitarstjórnarþings Evrópu gegn kynferðislegu ofbeldi gagnvart börnum.

Tiltækar upplýsingar benda til þess að u. þ. b. eitt af hverjum fimm börnum í Evrópu verði fyrir kynferðislegu ofbeldi af einhverri tegund en það er ein versta tegund ofbeldis gagnvart börnum.

Herferð Evrópuráðsins, EITT af hverjum FIMM, miðar að því að taka á vandanum með vitundarvakningu um málefnið og með því að kynna stefnur og leiðir svo börn, fjölskyldur / umönnunaraðilar, ríkisstjórnir og sveitarstjórnir hafi þekkingu og tæki til að koma í veg fyrir slíkt ofbeldi og vernda börn fyrir kynferðislegri misneytingu og kynferðislegri misnotkun. Aðildarríki Evrópuráðsins, Þing Evrópuráðsins og Sveitarstjórnarþing Evrópuráðsins vinna öll saman að því að tryggja að breytingar verði gerðar á löggjöf og stefnumótun til að stuðla að aukinni vernd barna.

Það er á ábyrgð sveitarstjórna að tryggja og efla öryggi og velferð barna og ungmenna og vinna að þessu með þriðja geiranum, almannasamtökum og einkageiranum. Verkefni bæja og sveitarfélaga er að efla vitundarvakningu um málefnið, að þróa og framkvæma aðgerðir og áætlanir innan samfélagsins og að byggja upp betri þjónustu.

Sveitarstjórnarþingið útbjó samþykkt bæja og sveitarfélaga til að stöðva kynferðislegt ofbeldi gegn börnum þar sem gerðar eru tillögur um aðgerðir og áætlanir, allt frá einföldum kostnaðarhagkvæmum frumkvæðisaðgerðum til heildarstefnumörkunar til að nota við að koma markmiðum herferðarinnar í framkvæmd. Ein af aðgerðartillögum er um að sveitarstjórnir komi á fót þverfaglegum barnaverndarmiðstöðvum, en dæmi eru um slíkar miðstöðvar í fjölda bæja.

Sveitarstjórnarþingið hefur tekið saman þetta verkfærasett fyrir sveitarstjórnir, frjáls félagasamtök og aðra hagsmunaaðila með tillögum um stefnumörkun, áætlanir og tæki til að koma í veg fyrir misnotkun, vernda fórnarlömb, ákæra gerendur og tryggja fulla þátttöku barna í öllu ferlinu. Verkfærasettið leysir ekki allan vanda, heldur hefur það að geyma nokkrar gagnlegar hugmyndir sem munu hjálpa til við að vernda börn gegn kynferðislegri misneytingu og kynferðislegri misnotkun.

Kíktu í verkfærasettið til að læra meira um það sem hægt er að gera til að berjast gegn kynferðislegu ofbeldi gegn börnum – og hikaðu ekki við að deila þessum upplýsingum með öðrum!

Ég hvet ykkur til að leggja baráttunni gegn kynferðislegri misneytingu barna lið með því að gerast aðili að samþykkt sveitarstjórnarþingsins um að bæir og sveitarfélög stöðvi kynferðislegt ofbeldi gegn börnum. Skráning fer fram rafrænt á: www.coe.int/congress-oneinfive.

Jean-Claude Frécon

